

Föstudaginn 25. maí 1990.

Nr. 209/1990. **Ákærvaldið**

gegn

X.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. 1. nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. þ.m., en hinn kærði úrskurður er kveðinn upp sama dag og barst Hæstarétti 23. þ.m. Telja verður, að kæran sé til þess ætluð að fá úrskurðinn felldan úr gildi, en frá varnaraðila hafa ekki borist kröfur né greinargerð.

Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar á úrskurðinum.

Rétt þykir að staðfesta hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Skagafjarðarsýslu 20. maí 1990.

Ár 1990, sunnudaginn 20. maí, er á dómþingi sakadóms Skagafjarðarsýslu, sem háð er í lögreglustöðinni á Sauðárkróki af Ólafi Ólafssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi:

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu hefur krafist þess, að X, [f. 1963], Hofsósi, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt að tíu dagar vegna rannsóknar á kæru á hendur honum fyrir kynferðislega misnotkun á 4 ára gamalli dóttur.

Málavextir.

Fimmtudaginn 10. maí 1990 tók kærði, X, við umráðum yfir dóttur sinni, A, fjögurra ára gamalli, fæddri [...]1985, úr hendi móðurforeldra hennar, þar sem hún var gestkomandi. Dvaldist stúlkan á heimili hans að-

faranótt 11. maí sl. Er stúlkan var böðuð að kveldi þess dags af móður-ömmu, veitti hún því athygli, að stúlkan var rauð og þrútin í klofinu.

Í lögregluskýrslu hefir móðuramma stúlkunnar lýst samræðum þeirra sunnudagskvöldið 13. maí um athafnir kærða aðfaranótt 11. maí sl. Kom þar fram, að kærði hafi viðhaft kynferðislegar athafnir gagnvart stúlkunni, jafnframt, að stúlkan hafi ýjað að því, að kærði hafi áður viðhaft slíkar athafnir gagnvart henni.

Stúlkan A var færð til læknisskoðunar á Sauðárkróki þann 16. maí, en sú skoðun tókst eigi vegna óróleika hennar. Stúlkan fór öðru sinni til læknisskoðunar ásamt móður hinn 18. maí. Samkvæmt álitserð læknis, sem nú liggur fyrir, sbr. dskj. nr. 3, hefir stúlkan orðið fyrir kynferðislegri misnotkun.

Kærði, X, var handtekinn föstudaginn 18. maí sl., og hefir hann verið í haldi síðan.

Kærði hefir við yfirheyrslur hjá lögreglu og fyrir dómi neitað sakargiftum.

Brot það, sem kærði er grunaður um að hafa framið, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Rannsókn þessa máls er á frumstigi. Eftir er að taka formlega skýrslu af stúlkunni A og afla nánari læknisvottorða um ástand hennar svo og að taka ítarlegri skýrslu af vitnum, þ. á m. aðstandendum hennar.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, og með vísan til alvarleika þeirrar háttsemi, sem kærði er undir rökstuddum grun að hafa framið, þykir rétt að taka kröfu sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu til greina með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála.

Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega ákveðinn allt til mánudagsins 28. maí nk. kl. 17.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, X, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 28. maí nk. kl. 17.00.